

## **Stjórn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, hefur samþykkt eftirfarandi ályktun:**

SFÚ mótmælir framkomnu frumvarpi til laga um sjávarútveg.

Samtökin mótmæla sérstaklega hugmyndum um rýmkun hámarksaflahlutdeilar félaga á markaði í 15 %.

Fyrir liggur að samþjöppun veiðiheimilda hefur verið gríðarleg á undanförunum misserum þrátt fyrir viðleitni í þá átt að hvetja til dreifðara eignarhalds. Þá er staðreyndin áfram sú, nái frumvarpið fram að ganga, að 6-10 fyrirtækja samstæður geti haldið á öllum veiðiheimildum þjóðarinnar og jafnvel haft óljós eignatengsl sín á milli. Markmiðið með starfi Auðlindarinnar okkar var meðal annars að taka á þessum markaðsbresti í íslenskum sjávarútvegi. Verði þessi hluti frumvarpsins samþykktur er ljóst að það hefur mistekist fullkomlega.

Vinna Auðlindarinnar okkar snerist að mjög stóru leyti um þann hluta veiðiheimilda Íslendinga sem flokkast í annað en hefðbundið aflamarkskerfi. Í dag er þessi hluti 5,3 % af úthlutuðum afla. SFÚ saknar þess að ekki hafi verið lögð meiri áhersla á markaðsbresti 94,7 % kerfisins og misbresti á samkeppnis- og eftirlitsmálum. Ljóst er að fákeppnin skilar mörgu óæskilegu inn í kerfið sem lítið var minnst á í vinnu nefndarinnar. Má þar nefna brottkast, svindl á vigtun og margrædda samþjöppun, sbr. álit Ríkisendurskoðunar frá 2019.

SFÚ skorar á stjórnvöld að vanda vinnu við meðhöndlun þessara 5,3 % aflaheimilda sem tíðrætt er um. Ef niðurstaðan verður sú að afleggja almenna byggðakvótann þá ætti skilyrðislaust að verja þeim hluta beint til strandveiða. Þar hefur mesta nýliðun orðið, auk jákvæðra áhrifa sem þær hafa haft á byggðir landsins.

Jafnframt vill SFÚ hvetja til þess að strandveiðar verði eflar, hlutdeild þeirra aukin og tryggt verði jafnvægi milli svæða. SFÚ telur eðlilegt að strandveiðar hefjist að loknu hryggingarstoppi um miðjan apríl og standi til loka september. Jafnframt ber að tryggja öllum strandveiðisjómonnum jafnt aðgengi, með fyrirfram ákveðnum dagafjölda í stað heildar úthlutunar á strandveiðiflotann. Auk þess verði skylt að landa strandveiðiafla á markaði til að tryggja sjálfstæði strandveiðisjómanna sem best.

Það er skoðun SFÚ að verði þessi tilhögun um strandveiðar lögfest, hefðu stjórnvöld svarað álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2007 um atvinnufrelsi. Niðurstaða sem væri ásættanleg þangað til kæmi að; „allsherjarskoðun á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu“ (úr bréfi Einars K. Guðfinnson til Mannréttindarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2008).

Samtökin vilja jafnframt ítreka að á Íslandi ríkir enn tvöföld verðmyndun með fisk. Til nánari útskýringar þá fá sjómenn ekki greitt hæsta verð eins og þeim ber, þegar ekki er landað á markað. Fyrirkomulag þetta hefur um árabíl leitt til tekjutaps: sjómanna, hafnarsjóða og ríkissjóðs í heild sinni. Þetta er að mati SFÚ eitt skýrasta dæmi um markaðsbrest í íslenskum sjávarútvegi vegna fákeppni. Tvöfalda verðlagningin ætti þannig ein og sér að vera nægjanleg ástæða til uppstokkunar á kerfinu.

Um langt árabíl hafa samtökin bent stjórnvöldum á þann tekjumissi sem þjóðin má þola vegna útflutnings á hráefni sem ekki kemur til aukinnar verðmætasköpunar hér heima. Magn hráefnis sem fer úr landi sem slíkt hefur um árabíl verið talið í tugum þúsunda tonna. Verðmætasköpun hér heima ætti að vera algert forgangsatriði og útflutningur á hráefni undantekning.

Að lokum skorar SFÚ á stjórnvöld að skoða þá leið að skilja á milli veiða og vinnslu fyrirtækja með kröfu um sölu á öllu hráefni í frjálsri sölu. Íslenska þjóðin á fullan rétt á því að vita hvert raunvirði auðlindarinnar er og að virði hennar sé hámarkað. Allt of lengi hefur vinna við umbætur á sjávarútvegskerfinu endað sem útþynnt nefndarálit og frumvarps drög sem ekki taka á raunvanda kerfisins.